

Aðalfundur Foreldrafélags leikskólans Bjarkatúns

Bjarkatún 04.05.2023

Fundur settur 16:10

Mættir: Stjórn foreldrafélagsins og 5 foreldrar.

Á dagskrá voru eftirfarandi málefni

1. Skýrsla stjórnar

Formaður foreldrafélagsins fór yfir skýrslu stjórnar. Hægt er að sjá skýrslu stjórnar hér að fundargerð lokinni.

1. Ársreikningur félagsins

Gjaldkeri félagsins fór yfir ársreikning félagsins:

Eins og sést á honum stendur sjóðurinn aðeins í 38.936 kr en mikið var gert á árinu og keypt sem útskýrir stöðuna.

Ársreikningur Foreldrafélags Leikskólans Bjarkatúns 2022-2023					
Tekjur	2022-2023	2021-2022	Gjöld	2022-2023	2021-2022
Félagsgjöld	118.500	40.500	Sveitaferð	-5.387	
Jólafróflun	68.011	63.900	Sumarhátíð	- 3.840	- 14.085
Spil	12.000		Sumargjöf 2022	-66.500	- 37.640
Fjáröflun fyrir hænur	10.000		Jólafróflun -innkaup	- 67.950	- 26.789
Innvextir	723	11	Jólagjöf	- 47.940	- 18.900
Félagsvist		28.000	Sumargjöf	- 29.900	
Bækur f. grunnskóla		20.682	Leiksófi	-121.330	
Fiskibollur		55.000	Sullustöð	-8.199	
	209.234	208.093	Töfrásýning	-45.000	
			Þjónustugj., skattur, kostr	- 8.713	- 2.612
			Kennitala		- 5.100
			Fiskibollur		- 23.400
			Jólafróflun		- 12.000
			Auglýsingakostnaður		- 10.000
				-404.759	- 150.526
Mismunur á tekjum og gjöldum	- 195.525				
Sjóðseign við upphaf	234.461				
Breyting á sjóð	- 195.525				
Sjóðseign í lok uppgjors	38.936				

2. Kosning í stjórn

Gjaldkeri (Ólöf Vilbergsdóttir) segir af sér en formaður (Jóhanna Reykjalín) og ritari (Íris Birgisdóttir) bjóða áfram kost á sér í stjórn foreldrafélagsins. Óskað eftir einum aðila úr foreldrahópnum til að stíga inn í stjórn félagsins.

3. Önnur mál

3.1 Samskipti við foreldra

Stjórn foreldrafélags leikskólans er tengiliður heimila og leikskólans. Ef foreldrar vilja koma fram athugasemdum, ábendingum eða óskum um breytingar á starfi leikskólans eða öðru í sambandi við börnin sín tekur stjórn vel á móti þeim og aðstoðar við að koma þeim í réttan farveg.

Samskipti stjórnar við foreldra hefur öll farið fram á hópnum *Foreldrafélag Bjarkatúns* á Facebook og í gegnum stjórnendur leikskólans og hefur það gengið vel.

3.2. Foreldraráð

Foreldrafélag leikskólans er einnig foreldraráð skólans. Í því felast aukin samskipti við stjórnendur leikskólans t.d. hvað varðar skólanámskrá, skóladagatal og annarra áætlana innan skólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Vegna fámennis er foreldraráð og foreldrafélag sami félagsskapurinn.

3.3. Sumarhátíð

Foreldrar voru sammála um að hafa sumarhátíðina einfalda, á leikskólalóðinni og njóta í góðu veðri. Hún verður því í júní á góðum degi.

Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar Foreldrafélags Leikskólans Bjarkatúns skólaárið 2022-2023
Kynnt á aðalfundi foreldrafélags Bjarkatúns Djúpavogs 4.maí 2023

Starfsemi stjórnar

Með kosningu á þessum aðalfundi er þetta þriðja starfsárið hjá formanni, annað Stjórnin skiptir hlutverkum á eftirfarandi hátt: Jóhanna Reykjalin formaður, Ólöf Vilbergsdóttir Gjaldkeri og Íris Birgisdóttir ritari. Tengiliður leikskólans er sem áður Guðrún Sigríður Sigurðardóttir, leikskólastjóri.

Á tækni-tímum hefur stjórnin mest fundað óformlega í gegnum messenger og skipulagt þar starfsemi félagsins ásamt því að nýtast við tölvupósta. Það hefur gengið vel en nauðsynlegt er þó að hafa formlega fundi amk 1 sinni á önn þar sem leikskólastjóri er boðaður og formleg fundargerð rituð og birt á heimasíðu leikskólans ásamt FB síðu foreldrafélagsins.

Félagsgjöld

Félagsgjöld voru 1500 kr. á önn fyrir hvert leikskólabarn. Þau voru innheimt í janúar og verða innheimt aftur í júní.

Múlaping

Í Múlapingi er sameiginlegur vettvangur foreldrafélaga leikskóla á FB þar sem við höfum einn fulltrúa sem situr fundi fjölskylduráðs og getur komið með athugasemdir eða upplýsingum á framfæri. Íris var áheyrnarfulltrúi 2021-2022 en í dag er áheyrnarfulltrúinn frá Seyðisfirði. Áheyrnarfulltrúar fá tækifæri til að vera í fjarfundi og koma aðeins inn þegar málefni leikskólana eru rædd.

Viðburðir

Einar Mikael töframaður

Í samstarfi við foreldrafélag grunnskólans fengum við Einar Mikael töframann til að koma og vera með leiksýningu fyrir nemendur í leikskólanum og svo aðra fyrir grunnskólanemendur. Það var frábært að fá hann og skemmtu allir sér vel.

Sumarhátíð

Síðasta sumarhátíð var haldin eftir aðalfund en hún var á sjómannadegi og styrkti Múlaping okkkur um hoppukastala en einnig var í boði veiðibingó með vörum úr Notó sem sló í gegn ásamt krítum ofl skemmtilegu fyrir krakkana.

Íþróttaskóli

Neisti sér um íþróttaskóla en við vorum með tvo íþróttaskóla í desember og svo einn boltaíþróttaskóla í mars.

Fjáraflanir

Sem fyrr eru jóla fjáraflanir aðal fjáraflana-innkoman okkar. Sala á jólapappír er sívinsæl en einnig seldum við nokkur merkispjöld.

Önnur fjáröflun var sala á spila á spil spilum sem gekk ekki mjög vel.

Þyrftum að skella í eina fjáröflun í viðbót fyrir sumarið.

Jólafondur

Jólafondrið var haldið í leikskólanum en aðeins 6 börn sáu sér fært að mæta með foreldrum sínum. Þurfum að endurskoða fyrirkomulag jólafondurs og jafnvel hverfa til COVID tíma þegar jólafondur var sent heim með nemendum. Ræða þyrfti við foreldra hvernig þeir sjá þetta fyrir sér, þegar þar að kemur.

Jólagjöf

Jólagjöf var gefin öllum nemendum leikskólans á jólaballinu og ákveðið var að halda í hefðina og gefa bækur. Við keyptum sjálfstyrkingarbækur frá Oran.is.

Sumargjöfin

Ákveðið var að gefa sameiginlega sumargjöf til allra í leikskólanum og var keypt útielldhús sem fékk smá upplýftingu á Bragðavöllum fyrir afhendingu. Vonandi nýtist það vel amk út sumarið.

Aukagjöf

Sófar voru keyptir inn á báðar deildir sem kostuðu samtals 120.000kr. Mikið nýtt og afskaplega mikil ánægja með þau kaup.

Ársfundur/Aðalfundur

04.05.2022

Árlegur Aðalfundur félagsins verður haldinn í Bjarkatúni.

Framundan

Sveitaferð

Sveitaferð nánar auglýst síðar

Sumarhátíð

Sumarhátíð er í mótun og verður auglýst þegar nær dregur. Foreldrar voru sammála um að halda lágstemmda sumarhátíð á skólalóðinni.

Stjórn foreldrafélagsins þakkar Guðrúnu sem og foreldrum öllum fyrir góð samskipti á liðnu skólaári.